**84** 6. júlí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* birtingu lagafrumvarpa. — Jafnframt því að senda hingað álvktun, er neðri deild alþingis hefir samþykkt um að skora á ráðgjafann fyrir Ísland að hlutast til um, að að minnsta kosti helmingur hinna markverðustu lagafrumvarpa, sem í ráði er að leggja fyrir þingið, verði birt alþingismönnum ekki síðar en 6 mánuðum áður en alþingi kemur saman, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 4. október f. á. tekið fram, að það sje hvorttveggja, að lagafrumvörp stjórnarinnar samkvæmt eðli hlutarins sjeu lögð fyrir þingið sem þing, en ekki fyrir hina einstöku þingmenn, og myndi þeir þá fyrst, er þeir eru saman komnir, lið þann í löggjafarvaldinu, er stjórnin leggur frumvörp sín fyrir, enda hafi hin umbeðna birting mjög mikla örðugleika í för með sjer; og verði í þessu efni að taka það fram, að stjórninni hljóti að vera frjálst að ráða af þangað til í síðustu forvöð, hvort hún eigi að koma fram með lagafrumvörp, og sömuleiðis að breyta frumvörpum sínum, og sje ekki unnt að sjá fyrir svo löngu á undan þingbyrjun, sem nauðsynlegt yrði eptir nefndri álvktun, allt, sem upp á kynni að koma og máli mundi skipta í þessu efni; auk þess sjeu öll frumvörp lögð fyrir alþingi undir eins og þingið er sett, og virðist þá vera nægur tími fyrir þingmenn til að kynna sjer málin. Hafið þjer, herra landshöfðingi, því ekki getað mælt fram með ofannefndri álvktun. Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn verður að vera yður, herra landshöfðingi, samdóma um að, ekki sje nægilegt tilefni til að taka tjeða beiðni til greina.

**85** 6. júlí. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Íslands *til landshöfðingja um* Thorchillii-barnaskólasjóð. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað álvktun, er samþykkt var á síðasta alþingi, um að vísa til stjórnarinnar spurningu, er komið hafði fram á alþingi um breytingu á konungsúrskurði frá 5. oktbr. 1866 um það, hvernig verja skuli vöxtum af Thorchillii barnaskólasjóði, og í þóknanlegu brjefi frá 6. marz þ. á. lagt það til, að tilgreindum ástæðum fyrir máli yðar, að reglum þeim, er settar hafa verið um meðferð á nefndum sjóði, verði breytt á þá leið, er hjer segir:

1. að hreppsnefndirnar fyrir lok maímánaðar ár hvert sendi stiptsyfirvöldunum tillögur um, hvernig varið skuli vöxtum þeim af Torchillii barnaskólasjóði, er börn þar í sveit eigi að fá fardagaár það, er í hönd fer, og skuli uppástungu þessari fylgja annaðhvort álitsskjal sóknarprestsins eða tillögur þær, er hann hefir sent hreppsnefndinni samkvæmt 14. grein í tilsk. 4. maí 1872. Stiptsyfirvöldin skuli síðan ákveða, hvernig verja skuli vöxtunum í hverjum hreppi fyrir sig á fardagaárinu, og megi, ef barnaskóli er stofnaður í hreppnum, leyfa, að vöxtunum að nokkru eða öllu leyti skuli varið til að útvega fátækustu börnum nauðsynlega tilsögn, og skuli þá miða stærð styrksins handa hverju barni við kostnað þann, er kennsla þessi hefur í för með sjer; að öðru leyti skuli enn standa hinar sömu reglur og að undanförnu um þennan styrk.

2. að stiptsyfirvöldin ákveði eptir fólksfjölda og öðrum ástæðum, og landshöfðingi samþykki það, hvernig skipta skuli vöxtunum af styrktarsjóðnum á fátæk börn í hverjum hreppi; skipting þessi eigi að standa í 10 ár, og skuli endurskoða hana 10. hvert ár samkvæmt tjeðum reglum.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð það er nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

*Við 1.* Ráðgjafinn fellst á tillögur yðar um, að skylda sú, að koma með uppástungu